



KEFLAVÍK  
NJARÐVÍK  
HELGVÍK  
GRÓF  
HAFNIR

REYKJANESHÖFN

# Reykjaneshöfn

## Kynning fyrir kröfuhöfum Reykjaneshafnar

22. febrúar 2016



# Reykjaneshöfn

## Greiðslugeta Reykjaneshafnar er ekki til staðar

### Staða viðræðna

- Reykjaneshöfn hefur verið á greiðslufresti gagnvart stærstum hluta kröfuhafa frá 15. október 2015
- Frá þeim tíma hafa viðræður átt sér stað í kröfuhafaráði Reykjaneshafnar þar sem eigendur skráðra skuldabréfaflokka hafa átt sinn fulltrúa
- Ljóst er að Reykjaneshöfn getur að óbreyttu ekki staðið undir greiðslum skulda en hingað til hefur höfnin endurfjármagnað skuldir m.a. með víkjandi lánum frá Reykjanesbæ
- Reykjanesbær er í fjárhagslegri endurskipulagningu og hefur komist að samkomulagi við stærsta kröfuhafa sinn um skuldavanda sveitarfélagsins
- Unnið er út frá því að um heildstæða endurskipulagningu sé að ræða og er endurskipulagning Reykjaneshafnar ein af lykilforsendum framgangs hennar

# Reykjaneshöfn

## Rekstrarreikningur

### Yfirlit rekstrarreiknings

m.kr.	2016 Á	2017 Á	2018 Á	2019 Á
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>1.069</b>	<b>312</b>	<b>433</b>	<b>533</b>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld	(80)	(81)	(85)	(90)
Lífeyrisskuldbinding	(6)	(6)	(6)	(6)
Annar rekstrarkostnaður	<u>(516)</u>	<u>(96)</u>	<u>(99)</u>	<u>(101)</u>
<b>EBITDA</b>	<b>468</b>	<b>130</b>	<b>243</b>	<b>336</b>
Afskriftir	<u>(57)</u>	<u>(74)</u>	<u>(87)</u>	<u>(93)</u>
<b>EBIT</b>	<b>411</b>	<b>56</b>	<b>156</b>	<b>244</b>
Fjármunatekjur/Fjármagnsgjöld	<u>(352)</u>	<u>(406)</u>	<u>(428)</u>	<u>(442)</u>
<b>Tap ársins</b>	<b><u>59</u></b>	<b><u>(349)</u></b>	<b><u>(272)</u></b>	<b><u>(199)</u></b>

Heimild: Fjárhagsáætlun 2016 ásamt þriggja ára áætlun

- Áætlanir Reykjaneshafnar gera ráð fyrir að tvö kísilver hefji starfsemi á tímabilinu
- Einskiptistekjur og gjöld vegna lóðaúthlutunar til annars kísilversins skýra háar rekstrartekjur og gjöld árið 2016
- Reykjaneshöfn nær ekki að standa skil á fjármagnsgjöldum nema árið 2016

# Reykjaneshöfn

## Efnahagur

### Yfirlit efnahagsreiknings

m.kr.	2016 Á	2017 Á	2018 Á	2019 Á
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>				
Fasteignir	568	566	565	563
Veitukerfi, hafnarmannvirki og göttu	2.588	2.913	3.105	3.025
Vélar, áhöld og tæki	138	127	116	106
Leigugeignir	-	-	-	-
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir alls</b>	<b>3.294</b>	<b>3.606</b>	<b>3.786</b>	<b>3.694</b>
<b>Veltufjármunir</b>	<b>148</b>	<b>148</b>	<b>148</b>	<b>148</b>
<b>Eignir alls</b>	<b>3.443</b>	<b>3.754</b>	<b>3.934</b>	<b>3.842</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>(4.772)</b>	<b>(5.121)</b>	<b>(5.393)</b>	<b>(5.591)</b>
<b>Langtímaskuldir</b>				
Víkjandi lán frá Reykjanesbæ	3.100	3.209	3.318	3.428
Skuldir við lánastofnanir	2.058	1.920	1.744	1.520
Lífeyrisskuldbindingar	71	73	75	78
<b>Langtímaskuldir alls</b>	<b>5.229</b>	<b>5.202</b>	<b>5.138</b>	<b>5.025</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>				
Reiknuð fjárför	2.544	3.216	3.713	3.894
Næsta árs afb. langtímaskulda	198	214	233	270
Aðrar skammtímaskuldir	243	243	243	243
<b>Skammtímaskuldir alls</b>	<b>2.985</b>	<b>3.673</b>	<b>4.189</b>	<b>4.408</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>3.443</b>	<b>3.754</b>	<b>3.934</b>	<b>3.842</b>

Heimild: Fjárhagsáætlun 2016 ásamt þriggja ára áætlun

- Fjárfestingar eru ófjármagnaðar en þörf er á því að fara í framkvæmdir til að standa við gerða samninga
- Verði ekki gripið til aðgerða mun skuldastaða félagsins halda áfram að aukast til framtíðar

# Reykjaneshöfn

## Sjóðstreymi

### Yfirlit sjóðstreymi

m.kr.	2016 Á	2017 Á	2018 Á	2019 Á
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>262</b>	<b>(186)</b>	<b>(115)</b>	<b>(49)</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>				
Fjárfestingar	(485)	(386)	(267)	-
Langtímakröfur, breyting	62	-	-	-
<b>Fjárfestingarhreyfingar alls</b>	<b>(423)</b>	<b>(386)</b>	<b>(267)</b>	<b>-</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>				
Breytingar eigin fjár og víkjandi lán	75	109	109	109
Afborganir langtímalána	(2.311)	(205)	(221)	(239)
Afborganir skuldbindinga	(3)	(3)	(4)	(2)
<b>Fjármögnunarhreyfingar alls</b>	<b>(2.239)</b>	<b>(99)</b>	<b>(115)</b>	<b>(133)</b>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	<b>(2.399)</b>	<b>(672)</b>	<b>(497)</b>	<b>(182)</b>
<b>Handbært fé (fjárför) í ársbyrjun</b>	<b>(145)</b>	<b>(2.544)</b>	<b>(3.216)</b>	<b>(3.713)</b>
<b>Handbært fé (fjárför) í árslok</b>	<b>(2.544)</b>	<b>(3.216)</b>	<b>(3.713)</b>	<b>(3.894)</b>


Heimild: Fjárhagsáætlun 2016 ásamt þriggja ára áætlun

- Fjárfestingarþörf félagsins er um 1,1 ma.kr. vegna fyrirhugaðra verkefna í Helguvík
- Háar afborganir á árinu skýrast af gjalddaga á vaxtagreiðslubréfum þann 15. október 2016
- Ljóst er að Reykjaneshöfn getur ekki staðið undir greiðslum skulda að óbreyttu

Reykjanesbær  
Staða og horfur

# Reykjanesbær

## Er í lögbundnu ferli


 Reykjanesbær starfar á grundvelli samkomulags við innanríkisráðherra sem dagsett er 15. desember 2015 og gildir til 31. desember 2016. Samkomulagið kemur í stað eldra samkomulags frá árinu 2014

 Samkomulagið er gert á grundvelli 83. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011

### Markmið samkomulagsins eru:

- Að stuðla að því að sjálfbærni náist í rekstri Reykjanesbæjar á árinu 2016 í samræmi við 64. gr. sveitarstjórnarlaga
- Að stuðla að áframhaldandi markvissri vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu og hagræðingu í rekstri Reykjanesbæjar svo að fjárhagslegum viðmiðum sveitarstjórnarlaga verði náð

 Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur eftirlit með framkvæmd Reykjanesbæjar á samkomulaginu

 Samkvæmt samkomulaginu er álag á útsvari Reykjanesbæjar

# Ferli endurskipulagningar

Reykjanesbær þarf að ná skuldaviðmiði undir 150% fyrir árslok 2022

## Markmið:

- A Skuldaviðmið < 150% fyrir árslok 2022
- B Endurskipuleggja skuldir byggt á áreiðanlegri greiðsluáætlun
- C Endurgreiðsla skulda taki mið af lögboðnu hlutverki sveitarfélagsins til að veita íbúum sveitarfélagsins fullnægjandi þjónustu

## Möguleikar í stöðunni:

- 1 Leysa skuldavandann í frjálsum samningum
- 2 Skipuð verði fjárhaldsstjórn sem endar með formlegum nauðasamningi




# Reykjanesbær – samþykkt fjárhagsáætlun samstæðu


Að óbreyttu mun sveitarfélagið ekki ná lögbundnu skuldaviðmiði


## Reykjanesbær - samstæða A+B hluti

m.kr.	2016 Á	2017 Á	2018 Á	2019 Á
Tekjur	18.614	18.711	19.663	20.567
Gjöld	<u>14.709</u>	<u>15.064</u>	<u>15.742</u>	<u>16.849</u>
<b>EBITDA</b>	<b>3.905</b>	<b>3.647</b>	<b>3.922</b>	<b>3.718</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b><u>(236)</u></b>	<b><u>(749)</u></b>	<b><u>(470)</u></b>	<b><u>(870)</u></b>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	<u>(4.763)</u>	<u>(1.054)</u>	<u>(2.052)</u>	<u>(1.169)</u>
Handbært fé (fjárförf) í árslok	<b><u>(2.585)</u></b>	<b><u>(3.638)</u></b>	<b><u>(5.691)</u></b>	<b><u>(6.860)</u></b>
Skuldir og skuldbindingar samtals	44.262	45.631	48.858	49.266
Skuldir og skuldbindingar til útreiknings á skuldaviðmiði	41.116	42.373	45.514	45.752
<b>Skuldaviðmið</b>	<b>221%</b>	<b>226%</b>	<b>231%</b>	<b>222%</b>

Heimild: Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar 2016-2019

 Fjárhagsáætlun til ársins 2019 sem samþykkt var í bæjarstjórn 15. desember 2015 sýnir að þrátt fyrir hagræðingaraðgerðir er fjárförf fyrirsjáanleg

 Áætlunin, framreiknuð til ársins 2022, sýnir að skuldaviðmið verður yfir 200% í árslok 2022 að óbreyttu

 Samkomulag við kröfuhafa um skuldalækkun er forsenda þess að hægt sé að endurskipuleggja skuldir sveitarfélagsins þannig að lögbundnu skuldaviðmiði verði náð

# Staða viðræðna Reykjanesbæjar um endurskipulagningu Samkomulag liggur fyrir gagnvart stærsta kröfuhafanum



Reykjanesbær hefur átt í viðræðum við kröfuhafa Eignarhaldsfélagsins Fasteignar ehf. (EFF) en félagið er stærsti einstaki kröfuhafi Reykjanesbæjar og námu skuldir gagnvart félaginu 12,6 ma.kr. í árslok 2015



Viðræður hafa snúið að þeim markmiðum sem að framan greinir og undirrituðu kröfuhafar, í lok september, viljayfirlýsingu gagnvart Reykjanesbæ um þátttöku í fjárhagslegri endurskipulagningu þannig að framangreindum markmiðum yrði náð






Ráðgjafi kröfuhafa gerði í kjölfarið skoðun á forsendum fjárhagsáætlunar Reykjanesbæjar. Vinnan hófst í byrjun október 2015 og lauk í febrúar 2016



Eftir úttekt á forsendum fjárhagsáætlunar og viðræðum aðila um hinar ýmsu forsendur varð niðurstaðan sú að skuldavandi sveitarfélagsins væri 6.350 m.kr. enda þurfi sveitarfélagið að ná markmiðum laga og um leið sinna lögbundinni þjónustu við íbúa sveitarfélagsins

# Staða viðræðna Reykjaneshafnar um endurskipulagningu


## Óskað er eftir aðkomu kröfuhafa Reykjaneshafnar

-  Nú þegar niðurstaða liggur fyrir með stuðningi stærsta kröfuhafans eru næstu skref í viðræðuferlinu að kynna öðrum kröfuhöfum niðurstöðu viðræðna
-  Jafnframt að eiga viðræður um endurskipulagningu og skiptingu skuldavandans milli kröfuhafa en forsenda þess að endurskipulagning gangi eftir er að gætt sé jafnræðis milli kröfuhafa, að um heildarendurskipulagningu sé að ræða þar sem allir kröfuhafar taka þátt og að hún sé endanleg
-  Óskað er eftir að kröfuhafar Reykjaneshafnar vinni að úrlausn málsins með markvissum hætti á næstu vikum

# Samanburður sveitarfélaga


Þrátt fyrir skuldaaðlögun verður verkefnið erfitt

Skuldaviðmið í árslok 2014 - samanburður milli sveitarfélaga



Næstu skref

# Tillaga að tímalínu til að vinna málið áfram





KEFLAVÍK  
NJARÐVÍK  
HELGVÍK  
GRÓF  
HAFNIR

REYKJANESHÖFN